

Yfirlýsing MAST um persónuvernd

Til samræmis við gildi MAST sem eru „Fagmennska“, „Gagnsæi“ og „Traust“ leggur stofnunin áherslu á að öll vinnsla persónuupplýsinga sé unnin í samræmi við gildandi lög um persónuvernd á hverjum tíma, skráð verklag og að tryggt sé að vinnslan fari fram á öruggan og ábyrgan hátt.

Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi fylgist með og hefur umsjón með vinnslu persónuupplýsinga innan stofnunarinnar og er tengiliður varðandi meðferð persónuupplýsinga gagnvart viðskiptavinum og starfsmönnum. Persónuverndarfulltrúi stuðlar að persónuverndarvitund starfsmanna og þjónustuaðila.

Netfang persónuverndarfulltrúa er personuvernd@mast.is

Hvaða upplýsingum er safnað og af hverju

Vinnsla persónuupplýsinga á vegum MAST tengist starfsmannamálum og lögbundnum verkefnum stofnunarinnar sem henni er gert að annast skv. lögum um Matvælastofnun nr. 30/2018 og snýr aðallega að leyfisveitingum og eftirliti á verkviði stofnunarinnar.

Hvernig eru upplýsingarnar notaðar

Vinnsla persónuupplýsinga eru eingöngu aðgengilegar starfsfólki sem hluti af starfsskyldum viðkomandi starfsmanns.

Undantekningar frá þessu geta átt við t.d. ef ákvörðun stofnunarinnar er kærð til æðra stjórnvalds, um refsivert athæfi er að ræða og mál er kært til lögreglu, eða persónuupplýsingar eru afhentar 3ja aðila með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012.

Réttindi til eyðingar („réttur til að gleymast“) og meðferð persónugreinanlegra upplýsinga

MAST er óheimilt að eyða skjölum með vísan til laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Upplýsingar um meðferð persónugreinanlegra upplýsinga er að finna í upplýsingaöryggisstefnu.

Aðgangur að upplýsingum

Í gegnum „þjónustugátt“, sem er á heimasíðu, berast persónugreinanlegar upplýsingar frá viðkomandi einstaklingi eða umboðsmanni hans. Til að fá aðgang að þjónustugátt þarf að skrá sig inn með Íslykli eða með rafrænum skilríkjum.

Persónuverndarfulltrúi stofnunarinnar veitir upplýsingar um hvort og hvaða upplýsingar eru skráðar, í hvaða tilgangi o.s.frv.

Öryggi upplýsinga

MAST leggur áherslu á öryggi gagna þ.m.t. persónuupplýsingar sem ábyrgðaraðili og eru upplýsingar notanda eingöngu aðgengilegar starfsfólki sem hluti af starfsskyldum viðkomandi starfsmanns.

Vinnsla og öryggi gagna er byggt á áhættumati og sætir endurskoðun árlega eða eftir þörfum.

Samstarf við eftirlitsaðila

Persónuverndarfulltrúi er tengiliður stofnunarinnar við Persónuvernd.

Ábyrgð

Forstjóri ber ábyrgð á framkvæmd og innleiðingu persónuverndarstefnunnar.